

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Sólveig Olga Sigurðardóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 30. maí 2023
UST202305-187/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag – Álfstaðir II, Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða – og Gnúpverjahrepps er barst 16. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Álfstaði II í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir fjórum byggingareitum þar sem heimilt er að reisa á reit eitt, 250 m² skemmu, á reit tvö íbúðarhús og tvö auka hús s.s. skemm útihús eða gróðurhús, allt að 50 m² hvort. Heildarbyggingarmagn á lóðinni má vera allt að 500 m². Á reit þrjú er heimilt að reisa tvö gestahús, sem mega vera allt að 100 m² hvort og á reit fjögur er heimilt að reisa allt að 750 m² hesthús/reiðhöll.

Þjósárhraun

Umhverfisstofnun bendir á að skipulagssvæðið er á Þjósárhrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum og því mikilvægt að það komi fram í tillögunni og tekið tillit til þess ef einhverjar jarðmyndanir eru að finna á skipulagssvæðinu.

Vistgerðir og fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin língresis- og vingulsvist sem er með hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Auk þess er innan skipulagssvæðis starungsmýravist sem hefur mjög hátt verndargildi.

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði og í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að byggingareitir séu afmarkaðir í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tryggja eigi m.t.t. til fuglalífs að framkvæmdin verði utan varptíma.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur